



5. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn í Ásaskóla 21. mars 2019

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl 17:30
Fundarstaður Ásaskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

2. Nafnakall, 14 voru mættar.
Fundargerð send í netpósti til samþykktar.

3. Orð til umhugsunar

Guðríður Egilsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði frá mjög áhugaverðu samstarfsverkefni, námi á sviði matvælaíðngreina, sem hún stýrir í FSU. Námið er góður valkostur fyrir þá sem hafa áhuga á að verða kokkar, bakarar, þjónar eða kjötiðnaraðmenn. Suðurland er sannkölluð matarkista, aðstæður góðar til að bjóða upp á verknám og mikil þörf er fyrir fagfólk í þessum greinum. Í framhaldi af kynningu Guðríðar spunnust áhugaverðar umræður um iðnnám/bóknám, viðhorf til mismunandi námsgreina og atvinnumögleika til framtíðar.

4. Kynning, frásögn og tónlistarflutningur gestgjafanna í Ásaskóla.

Hjónin Katrín Sigurðardóttir og Stefán Guðmundsson eigendur Ásaskóla kynntu sögu hússins frá upphafi til dagsins í dag. Ásaskóli var fyrsti heimavistar-barnaskólinn á Íslandi byggður 1923. Þar hefur verið fjölbreytt starfsemi í gegnum tíðina t.d. haldnir fundir, leiksyningar og söngæfingar. Þau hjónin eru bæði tónlistarkennarar og sungu fyrir okkur dúetta og spiluðu á píanó í bland við frásögn af húsinu, listaverkunum og eigin lífi og skapaði þetta einstaka stemmningu í stofunni. Þau ráku einnig minkabú á staðnum um árabil, en hafa nú lagt þá starfsemi niður. Á staðnum eru til sölu heimaunnir skartgripir og sitthvað fleira áhugavert úr minkaskinni.

5. Önnur mál.

Fjallað um fyrirhugaða heimsókn Þetadeildar frá Suðurnesjum 13. apríl.
Hveragerðissystur buðu fram aðstoð sína við móttöku og undirbúning heimsóknarinnar. Minnt var á Evrópuráðstefnu DKG sem haldin verður í Reykjavík 25. -26. júlí og Landssambandsþing í Reykjavík 4. maí.
Fundi slitið

6. Happraðttið var á sínum stað og gestur okkar hún Guðlaug var sú heppna að þessu sinni.

7. Eftir fundinn borðuðum við saman dýrindis súpu að hætti hússins með heimabökuðu brauði. Áfram hélt spjallið í notalegu umhverfi þar til haldið var heim á leið.